



LEB

Landssamband eldri borgara

354. Stjórnarfundur LEB – 7. mars 2022

kl. 10.00 – Fundurinn haldinn sem fjarfundur á ZOOM

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson, Ingólfur Hrólfsson,
Auk þeirra sátu fundinn: Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB og Steinunn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri LEB

Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar frá 25. jan. borin upp til samþykktar**
- 2. Teymissvæði**
Steinunn kynnti samskipta svæðið fyrir teymisvinnu stjórnar LEB sem er í þróun til að vinna með í framtíðinni. Frekari kynning og námskeið verður fyrir notendur við tækifæri.
- 3. Landsfundur 2022**
Félag eldri borgara í Hafnarfirði býður aðstöðu til fundarins í sínu félagsheimili. Þar er aðstaða góð til funda, bæði fyrir aðalfundinn sem og fyrir nefndarfund. Góð og ásættanleg tilboð hafa borist í mat og annað sem tilheyrir við að halda aðalfund.

Samþykkt að Vargerður Sigurðardóttir verði formaður uppstillingarnefndar.

Þann 21. mars verður boðað formlega til landsfundar og með staðsetningu, dagskrá með tillögum stjórnar og auglýst ef tillögum aðildarfélaga.
- 4. Reglur um kostnaðarþátttöku LEB**
Reglurnar v. funda yfirfarnar og samþykktar óbreyttar.
- 5. Áhersluatriði v. sveitarstjórnarkosningar þann 14. maí**
Áhersluatriðin voru yfirfarin og samþykkt að LEB leggi þau fram sem grunnatriði í kosningabaráttunni. Félögin bæta síðan við sínum staðbundnu málum í viðræðum við framboðin heima í héraði. LEB mun sjá um prentun á einblöðungi eins og fyrir Alþingiskosningarnar í september sl. og dreifa til aðildarfélaga.
- 6. Skrifstofuhúsnæði LEB**
Félaginu hefur verið sagt upp leigunni á núverandi stað sem er á 1. hæð, en bjóða í staðinn tilfærslu á annan stað innan hússins sem er á 3. hæð og leiguverði ýtt upp á sama tíma. Engin lyfta er í húsinu, en á áætlun að hún verði reist í náninni framtíð. LEB mun halda áfram leit að hentugu húsnæði á jarðhæð eða þar sem lyfta er til staðar.



LEB

Landssamband eldri borgara

7. Heilsuefling

Formaðurinn kynnti stöðuna á samstarfi LEB og ÍSÍ varðandi heilsueflingu eldra fólks til framtíðar. Verkefnið virðist ganga vel og lofar góðu og hefur fengið heitið „Bjartur lífsstíll“ og vefsíðan sem tengist verkefninu mun fá slóðann bjarturlifsstill.is

8. Önnur mál

Ingólfur Hrólffsson gat um að nú væri hans formannstíð hjá félaginu í Mosfellsbæ lokið og við hafi tekið nýr formaður að nafni Jónas Sigurðsson.

Fundi slitið kl. 10:55

Ritari fundargerðar: Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 20. apríl 2022